

## EFNI:

### Sóttvarnir, hvað er títt?

Fréttabréf endurvakið og mannbreytingar

1

Umdæmi sóttvarnalækna og viðbragðsáætlanir

2

Farsóttir og önnur atvik 2015

3

### Ritstjórn

Þórólfur Guðnason  
sóttvarnalæknir, ábm.  
Ása St. Atladóttir  
Guðrún Sigmundsdóttir  
Íris Marelsdóttir  
Jónína M. Guðnadóttir

Ritstjóri  
Haraldur Briem  
sérstakur ráðgjafi

### EMBÆTTI LANDLÆKNIS SÓTTVARNALÆKNIR

Barónsstíg 47  
101 Reykjavík  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1920

Netfang: [mottaka@landlaeknir.is](mailto:mottaka@landlaeknir.is)  
Veffang: [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

## SÓTTVARNIR, HVAÐ ER TÍTT?

### Útgáfa fréttabréfs endurvakin og mannbreytingar

Útgáfa Farsóttufrétta hefur verið endurvakin með þessu tölublaði eftir fjögurra ára hlé. Í febrúar 2005 hófst útgáfa fréttabréfs sóttvarnalæknis undir nafninu *Farsóttufréttir*. Útgáfan stóð yfir í sjö ár allt til október 2011 og var fréttabréfið upphaflega gefið út mánaðarlega en sjaldnar síðustu tvö árin. Áformað er að gefa fréttabréfið út ársfjórðungslega héðan í frá. Skýringin á þessu rofi í útgáfu Farsóttufrétta var skortur á mannafla á sóttvarnasviði Embættis landlæknis eftir sameiningu Lýðheilsustöðvar og embættisins í eina stofnun árið 2011. Gerðar voru athugasemdir við að útgáfan lagðist niður, m.a. af Sóttvarnastofnun ESB (ECDC).

Á þessu ári hafa orðið mannbreytingar á sóttvarnasviði. Þórólfur Guðnason hefur verið ráðinn sóttvarnalæknir en Haraldur Briem lét formlega af því starfi 1. september 2015 vegna aldurs. Haraldur verður þó sérstakur ráðgjafi sóttvarnalæknis í framhaldinu. Þorbjörg Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, sem starfaði við innleiðingu og eftirlit með



Þórólfur Guðnason



Haraldur Briem

bólusetningum, og Sigurlaug Hauksdóttir yfirfélagsráðgjafi, sem starfaði við félagslega aðstoð við HIV-smitaða einstaklinga og kynsjúkdómafræðslu, hafa einnig látið af störfum eftir farsælt starf á sviðinu um margra ára skeið. Íris Marelsdóttir sjúkrajálfari réðst til starfa á árinu við gerð viðbragðsáætlana vegna sóttvarna.

Þrátt fyrir að starfsmönnum sóttvarnalæknis hafi í raun enn fækkað er ætlunin að hefja útgáfu Farsóttufrétta á ný. Vonast er til þess að skipulagsbreytingar hjá Embætti landlæknis geri það mögulegt.




Frá málþingi sem haldið var til heiðurs Haraldri Briem í tilefni starfsloka hans. Málþingið fór fram í Hringisal Barnaspítala Hringinsins 22. júní 2015.

*Samkvæmt nýju skipulagi starfa nú sjö umdæmis-læknar sóttvarna á landinu í jafnmörgum sóttvarnaumdæmum.*

**Umdæmislæknar sóttvarna**

Um síðustu áramót tók gildi nýskipan á lögregluumdæmum á Íslandi og var þeim fækkað úr fimmtán í níu. Svæði sóttvarna-umdæma fylgdu áður lögregluumdæmunum vegna samstarfs sóttvarnalækna og lögreglustjóra um sóttvarnaráðstafanir.

Í samræmi við þessa breytingu á skipan lögregluumdæma hefur heilbrigðisráðherra tilnefnt sjö umdæmis-lækna sóttvarna sem starfa undir stjórn sóttvarnalæknis, en sóttvarnaumdæmin fylgja nú heilbrigðisumdæmunum í land-



inu. Umdæmislæknarnir geta tilnefnt svæðislækna sóttvarna í sínu umdæmi í samræði við sóttvarnalækni.

**Viðbragðsáætlun vegna farsóttá, eiturefna og geislavirkra efna og annarra óvæntra atburða á Keflavíkurflugvelli**

3. júlí 2015

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN  
ALMANNAVARNA

Viðbragðsáætlun sóttvarna á  
Keflavíkurflugvelli






Sóttvarnalæknir  
Ríkislögreglustjórinn

Þann 9. júlí 2015 var undirrituð viðbragðs-áætlun sóttvarna á Keflavíkurflugvelli. Áætlunin var unnin í samstarfi við Isavia og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og markmið með gerð hennar er að tryggja skipulögð og samræmd vinnubrögð allra aðila þegar til sóttvarnaaðgerða kemur.

Sóttvarnalæknir ber ábyrgð á virkjun áætlunarinnar en einnig getur umdæmis-læknir sóttvarna á Suðurnesjum og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra virkjað hana ef svo ber undir. Í nóvember 2015 verður stjórnstöðvaræfing á Keflavíkurflugvelli þar sem æfð verða viðbrögð við grun um smitandi sjúkdóm um borð í flugvél á leið til landsins eða í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

*Sóttvarnalæknir ber ábyrgð á virkjun viðbragðsáætlunar sóttvarna á Keflavíkurflugvelli.*

*Samkvæmt tölum frá WHO greindust 28.280 manns með ebólu meðan faraldurinn geisaði og af þeim létust 11.295 manns miðað við 21. september 2015.*

## Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu

Árið 2006 var ráðist í gerð viðamikillar áætlunar vegna gruns um yfirvofandi heimsfaraldur influensu. Áætlunin náði til heilbrigðisþjónustu og mikilvægrar starfsemi í þjóðfélaginu. Var áætlunin virkjuð á hættustigi allan síðari helming ársins 2009 vegna heimsfaraldurs influensu A(H1N1). Nú er unnið að annarri útgáfu áætlunar-

innar. Ritstjórn er skipuð fulltrúum sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. Stefnt er að því að lokadrög verði send til yfirlestrar í nóvember næstkomandi og að hægt verði að undirrita aðra útgáfu í byrjun árs 2016.

## Farsóttaskýrslur

Farsóttaskýrslur fyrir árin 2013–2014 liggja nú fyrir og verða þær gefnar út á vef Embættis landlæknis innan tíðar.

Skýrslurnar gefa yfirlit yfir farsóttir fyrri ára og áratuga með sögulegum upplýsingum þar sem við á.

## Farsóttir og önnur atvik árið 2015

### Ebóla

Ebólufaraldur hófst í Vestur-Afríku í desember 2013. Gínea, Líbería og Sierra Leone urðu verst úti af völdum faraldursins sem náði hámarki í október 2014. Samkvæmt upplýsingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar greindust alls 28.280 manns með sjúkdómnum og af þeim létust 11.295 manns miðað við 21. september 2015. Líbería er talin laus við Ebólu (í annað sinn) frá 4. september 2015 að telja. Enn eru að greinast stöku tilfelli af sjúkdómnum í Gíneu og Sierra Leone.


Hér á landi var talsverður viðbúnaður kæmi til þess að sjúkdómurinn greindist á Íslandi eða veikur einstaklingur kæmi til landsins. Í janúar 2015 fóru átta Íslendingar til hjálparstarfa í Líberíu vegna vinnu við fjarskipti. Vel var með þeim fylgst af sóttvarnalækni og ebóluteymi Landspítalans. Fylgst var með nokkrum erlendum einstaklingum sem dvöldu tímabundið hér á landi eftir að hafa dvalið í löndunum þar sem ebólufaraldurinn geisaði. Var það gert í samvinnu við viðkomandi erlend sóttvarnayfirvöld.



Hluti viðbúnaðar á Íslandi vegna ebólufaraldursins var að setja upp veggspjald á áberandi stað í Flugstöð Leifs Eiríkssonar með upplýsingum til farþega sem voru að koma til landsins frá Vestur-Afríku.

**Brennisteinsdíoxíð, SO<sub>2</sub>**

Í ágústlok 2014 hófst eldgos í Holuhrauni norðan Vatnajökuls, en gosinu lauk í febrúar 2015. Ekkert teljandi öskufall fylgdi gosinu en hins vegar fylgdi því mikil gasmengun af völdum brennisteinsdíoxíðs (SO<sub>2</sub>) sem birtist eins og bláleit móða og sást víða á landinu, einkum norðaustanlands. Hæst fór styrkur mengunarinnar í byggð þann 26. október 2014, en þá fór styrkur brennisteinsdíoxíðs á Höfn í Hornafirði í 21.000 µg/m<sup>3</sup> (míkrógrömm á rúmmetra).



*Rannsóknir á lögreglumönnum og vísindamönnum fyrir og eftir dvöl í námunda við gosstöðvarnar í Holuhrauni, sem fóru fram í janúar 2015, bentu ekki til marktækra heilsufarsáhrifa af völdum eldgossins.*

Lögum samkvæmt ber sóttvarnalækni að kanna heilsufarsleg áhrif bráðrar ógnar vegna eiturefna. Kannanir sóttvarnalæknis hafa beinst að tvennu, annars vegar að öflun upplýsinga um sjúkdómsgreiningar í heilbrigðisþjónustunni og hins vegar að könnun á lungnastarfsemi vísindamanna og lögreglumanna sem störfuðu í námunda við gosstöðvarnar. Rannsóknirnar eru unnar í samvinnu við Miðstöð í heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands og sérfræðinga í lungnasjúkdómum við Landspítalann og einnig sérfræðinga við Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands. Endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir, en vísendingar voru um aukna tíðni á notkun astmalyfja haustið 2014, einkum á Austurlandi. Rannsóknir á lögreglumönnum og vísindamönnum fyrir og eftir dvöl í námunda við gosstöðvarnar, sem fóru fram í janúar 2015, bentu ekki til marktækra heilsufarsáhrifa.

**HIV**

Miðað við 30. september 2015 hafa níu einstaklingar greinst með HIV-sýkingu það sem af er ársins. Af þeim eru tvær konur og sjö karlmenn. Sex þeirra sem greindust eru af erlendu bergi brotnir. Einn þeirra sem greindist með HIV-sýkingu reyndist hafa alnæmi.


**Sárasótt**

Síðastliðinn áratug greindust fáir einstaklingar árlega með sárasótt á Íslandi. Sýkingin virtist ekki vera útbreidd hér á landi því að í flestum tilfellum mátti rekja uppruna smitsins til útlanda. Skyndileg aukning varð á sárasóttartilfellum hér á landi árið 2014 (sjá mynd). Flestir þeirra sem sýktust voru karlar sem stunda kynlíf með öðrum körlum. Er þessi fjölgun í samræmi við fjölgun sárasóttartilfella í Vestur-Evrópu. Það sem af er árinu 2015 hafa greinst 17 einstaklingar, allt karlar sem stunda kynlíf með öðrum karlmönnum, nema ein kona.

**Lifrabólga C**

Faraldur lifrabólgu C (HCV) barst til landsins um miðjan 9. áratug síðustu aldar með fíkniefnaneyslu um æð. Hést faraldurinn af völdum lifrabólgu C í hendur við fíkniefnafaraldurinn. Aðrir sem áttu á hættu að smitast af völdum lifrabólgu C áður en mótefnaþælingar hófust voru dreyrasjúklingar sem þurftu á blóðhlutagjöfum að halda og blóðþegar. Fjöldi þeirra sem greinst hafa með lifrabólgu C hér á landi frá upphafi er sýndur á mynd. Það sem af er ársins 2015 hafa 24 einstaklingar greinst með sjúkdóminn.

Sýking af völdum lifrabólgu C verður viðvarandi í um 70–80% tilvika. Afar sjaldgæft er að sýking af völdum þessarar veiru valdi bráðum einkennum, en þeir sem fá viðvarandi lifrabólgu búa stundum við skert lífsgæði og fá í sumum tilvikum skorpulífur. Skorpulífur fylgir verulega



*Nýlegt samkomulag milli heilbrigðisyfirvalda og lyfjafyrirtækisins Gilead um átak til að útrýma lifrabólgu C á Íslandi er merkur áfangi í sóttvörnum.*

aukin hættu á lifrarfrumkrabbameini en því fylgir há dánartíðni. Lifrabólga C er ein algengasta orsök skorpulifrar á Vesturlöndum og er algeng ástæða lifrarígræðslu. Talið er að allt að 1000 sýktir einstaklingar séu á lífi hér á landi um þessar mundir. Lyfjameðferð við lifrabólgu C hefur tekið miklum framförum á undanförunum árum og má ætla að um þessar mundir sé unnt að lækna um 95% sýktra einstaklinga. Sá hængur er þó á að meðferðin er afar dýr

### Verklagsreglur sóttvarnalæknis vegna umsækjenda um dvalarleyfi á Íslandi

Sumarið 2015 kom í ljós að umsækjandi um hælsvist á Íslandi hafði ekki mætt í tilskilda læknisrannsókn á því tæpa ári sem hafði liðið frá komu hans til landsins. Umsækjendur um dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi ganga jafnan sjálfir á efir því að skila inn gildu læknisvottorði svo að dvalarleyfi verði veitt. Öðru máli gegnir í sumum tilvikum um hælisleitendur, sem hafa ekki sama hvata til þess að gangast undir læknisrannsókn. Þriðji hópurinn sem um ræðir eru flóttamenn sem boðin er landvist hér á landi, en heilbrigðisþjónusta við þá er afar brýn vegna áfalla á sál og

og flestum ríkjum ofviða nema að forgangsráða henni með þeim hætti að veikustu sjúklingarnir njóti forgangs.

Það voru því mikil tímamót þegar ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum þann 6. október 2015 að heilbrigðisráðherra gengi frá samkomulagi um samstarfsverkefni heilbrigðisyfirvalda og lyfjafyrirtækisins Gilead um átak til að útrýma lifrabólgu C á Íslandi. Lyfjafyrirtækið styrkir þetta verkefni með því að veita lyfið og meta faraldsfræðilegan árangur, en markmiðið er að meðhöndla alla sem hafa smitast af veirunni þannig að smitleiðir manna í milli rofni og sjúkdóminum verði bægt frá samfélaginu. Takist það er um afar merkan áfanga að ræða í sóttvörnum. Lögum samkvæmt hefur velferðaráðuneytið falið sóttvarnalækni að hafa yfirumsjón með verkefninu en Landspítalinn mun sjá um framkvæmd þess og leggja til starfsmenn, aðstöðu og nauðsynlegar greiningarrannsóknir.

líkama ekki síður en að finna tilkynningar-skylda sjúkdóma og bregðast við þeim.

Sóttvarnalæknir hefur nú gefið út nýjar verklagsreglur til að bæta verklag við læknisrannsókn á dvalar- og atvinnuleyfisumsækjendum, hælisleitendum og flóttamönnum. Þessar nýju verklagsreglur eru í grundvallaratriðum óbreyttar frá fyrri reglum en þó eru nokkur atriði í hinum nýju reglum skýrari en í hinum fyrri. Stjórnvöld hafa einnig tilkynnt um lagabreytingar sem lúta að lögum um útlendinga.